

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|--|---------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Íslenska | Kennari/ar Kennari: |
|--|---------------------|

| | |
|---|--|
| Markmið | |
| Að nemendur: | |
| <ul style="list-style-type: none">• verði vel máli farnir þegar í íslensku samfélagi.• kynnist íslenskri menningu, listum og bókmenntum.• geti komið fram og tjáð sig á lýtalausri íslensku.• hlusti og horfi á aðra koma fram.• lesi sér til gagns og skilnings, og í sumum tilfellum skemmtunar, fjölbreytta og ólíka texta.• öðlist þjálfun í fjölbreyttri ritun með blað og blýant eða tæknina að vopni. Geti sett upp ólíkar textategundir eftir tilefni.• læri þætti íslenskrar málfræði, en í 8. bekk eru fallorð fyrirferðarmesti þátturinn.• þjálfist í að leika sér með tungumálið.• læri aðferðir til að leysa úr viðfangsefnum námsins.• læri að leita sér upplýsinga. | |
| Viðfangsefni | |
| <ul style="list-style-type: none">• Talað mál, hlustun og áhorf• Lestur og bókmenntir• Ritun og stafsetning• Málfræði• Upplýsingaöflun | |
| Námsgögn | |
| <ul style="list-style-type: none">• Málið í mark• Valin verkefni úr Tungufossi og Tungutaki 3, vinnubók og lesbók• Gísla saga Súrssonar• Skáldsaga/-sögur | |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

- Sjónvarpsefni
- Kjörbækur
- Kaflar
- Greinar
- Ljóð
- Smásögur
- Spil og leikir
- Námsforrit
- Myndbönd o.fl. eftir viðfangsefnum
- Handbækur, s.s. orðabækur og annað stuðningsefni.

Kennsluaðferðir

Unnið er að viðfangsefnum í kjarna samkvæmt vikuáætlun og sjá nemendur þá um tímaskipulag. Í bekkjartímum eru verkefni oftast unnin einstaklingslega, en stundum í para- eða hópavinnu.

Unnið er með lesefni og málfræði jafnt og þétt yfir árið. Skáldsögur og aðrar bækur eru lesnar eftir áætlun og verkefni eru margskonar og reyna á alla þætti íslenskunnar. Dæmi um verkefni eru lesskilningsverkefni, ritgerðir, skapandi skrif, eyðufyllingaverkefni, verkefnapakkar og fleira. Framkvæmd og skilum sumra verkefna stjórna nemendur sjálfir. Skil eru fjölbreytt, s.s. ritun, framsögn, hlaðvörp o.fl.

Sum verkefni eru samþætt við aðrar námsgreinar, t.d. náttúru- og samfélagsfræði.

Áætlanir verkefna eru á Google classroom og eru ýmist unnin þar inni eða í bókum/blöðum.

Námsmat

Símat, stöðumat og leiðsagnarmat

Þekking, hæfni og leikni nemenda eru könnuð reglulega. Nemendur skila verkefnum við lok hvers viðfangsefnis, t.d. þegar lestri bókar eða kafla í málfræðibók er lokið. Verkefni eru í formi prófa, ýmiskonar ritana og annarra skriflegra eða munnlegra verkefna. Nemendur hafa oft tækifæri til að eiga samtalið við kennara um framgang verkefna og bæta þau ef þörf er á. Bæði skilaverkefni og önnur vinna nemenda eru metin og birtist matið á mentor.

Námsmat er samkvæmt:

- hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árnesþings. Nemendur fá tækifæri til að reyna við hvert viðmið oftast en einu sinni, sum eru alltaf í vinnslu. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-hæfni náð-framúrskarandi.



Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

- matsviðmiðum aðalnámskrár í íslensku fyrir 8.-10. bekk. Þau viðmið mynda lokaekinn fyrir íslensku í 10. bekk.

Nemendur fá samantekna einkunn fyrir sum verkefni, ýmist á kvarðanum D-A, L/Ó eða 0-10.

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|-------------------------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Stærðfræði | Kennari/ar Kennari: Elmar Viðarsson |
|---|-------------------------------------|

| | |
|---|---|
| Markmið | |
| Námsmarkmið nemenda í stærðfræði 8. bekkjar er að: | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Öðlast alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. • Hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. • Öðlist hæfni í að nota tungumál stærðfræðinnar til að ræða um, færa rök fyrir og útskýra eigin tilgátur og annarra, útreikninga og niðurstöður. • Öðlist hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni. | |
| Viðfangsefni | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Líkindareikningur • Ferningar og ferningsrætur • Rúmmálsfræði • Stærðfræði í daglegu lífi • | <ul style="list-style-type: none"> • Algebra • Jöfnur og gröf/jöfnuhneppi • Fjármálalæsi |
| Námsgögn | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Almenn Stærðfræði 3 • Fyrstu skref í fjármálum | |
| Kennsluaðferðir | |
| <p>Í upphafi hverrar viku fær hver nemandi vikuáætlun inn á classroom, nemendur fá fimm kennslustundir til að klára þá áætlun. Þessum fimm kennslustundum er skipt í tvo hluta. Tvær kennslustundir fara fram í kjarnatíma, þar sem nemendur sjá sjálfir um tímaskipulag. Hinar þrjár kennslustundirnar eru bekkjartímar þar sem kennari er með innlögn, eða fer yfir vandamál sem upp koma við vinna á vikuáætlun.</p> | |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

Námsmat

Símat, stöðumat og leiðsagnarmat

Þekking og hæfni nemenda eru könnuð reglulega. Nemendur vinna heimaverkefni og skila til kennara í tengslum við hvern kafla fyrir sig. Í lok hvers kafla þreyja nemendur svo kaflapróf.

Námsmat er samkvæmt:

- Hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árneshöfna. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-Hæfni náð-framúrskarandi.
- Matsviðmiðum aðalnámskrár í stærðfræði fyrir 8.-10. bekk.

Nemendur fá samantekna einkunn fyrir sum verkefni, ýmist á kvarðanum D-A eða 0-10.

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|--|-------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði | Kennari/ar: |
|--|-------------|

Markmið

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt.

Viðfangsefni

- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Þemaverkefni tengt sjálfbærni, samþætt með fleiri greinum• Afmarkaðir þættir í sögunni | <ul style="list-style-type: none">• Sjálfbærni, samfélagsumræða, geta til aðgerða og loftslagsmál• Sjálfsmynd, sjálfstraust og ábyrgð |
|---|--|

Námsgögn

- Um víða veröld – Jörðin
- Um víða veröld - Heimsálfurnar
- Þjóðfélagsfræði: Á ferð um samfélagið
- Kortabók
- Skáldsaga tengd þema
- Verkefni og upplýsingar af veraldarvef

Kennsluáferðir

Tímar fara fram í kjarna að hluta og því skipuleggja nemendur sjálfir hvaða tíma í kjarna á þri-fös þeir vinna í samfélagsfræði

Teknir verða sér innlangartímar öðru hverju.

Unnið verður í hópum sem og einstaklingsverkefni unnin.

Teymiskennsla og samþætting með öðrum árgöngum og öðrum faggreinum á fjölbreyttan hátt

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur



Námsmat

Verkefni, Verkefnabækur sem og umræður verða metin með bókstöfunum A-D

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|--|-------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Náttúrufræði | Kennari/ar: |
|--|-------------|

| | |
|---|--|
| Markmið | |
| <p>Að auka þekkingu, leikni og hæfni nemenda í náttúrgreinum. Til náttúrugreina teljast m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.</p> <p>Að stuðla að virðingu, ábyrgð og upplifun á náttúru og umhverfi.</p> <p>Að gera nemendur í stakk búna til þess að taka virkan þátt í samfélaginu, bæði umræðu og aðgerðum er varða t.d. náttúru, umhverfi, samfélag, tækni og vísindi.</p> <p>Að nemendur þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun við mat á upplýsingum.</p> <p>Að nemendur þjálfist í vísindalæs, geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri.</p> | |
| Viðfangsefni | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Lífeðlisfræði líkamans, erfðir og þróun • Tilraunir, kunna að lesa til um, framkvæma og gera skýrslu um tilraun. • Geti leitað af og lesið sér til um hugtök, málefni og uppgötvanir í heimi náttúruvísinda sér til gagns og gaman | <ul style="list-style-type: none"> • Heimur eðlis- og efnafræðinnar • Nærumhverfið og umhverfisvernd • Málefni líðandi stundar sem tengjast náttúrugreinum. |
| Námsgögn | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Mannlíkaminn. • Maður og náttúra. • Efnisheimurinn. • Eðlisfræði 2 og 3 • Vísindavefur Háskóla Íslands. • Fræðibækur af bókasafni og veraldarvefurinn. • Annað efni frá kennara | |
| Kennsluáðferðir | |
| <p>Náttúrugreinar eru kenndar í 120 mínútur á viku. Hluti af kennslunni fer fram í kjarna þar sem efsta stigið vinnur að verkefnum þvert á námsgreinar og bekk.</p> <p>Áhersla er á fjölbreyttar náms- og kennsluáðferðir t.d. lestur/hlustun, verklegar athuganir, umræður, fyrirlestrar, verkefnavinna ýmist einstaklings eða hópvinna með úrvinnslu sem bíður upp á skapandi afurðir, vefleiðangrar, samvinnunám, útinám og leikir.</p> | |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur



Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn þar sem verkefni og vinna nemenda gefa smátt og smátt upplýsingar um hæfni nemandans. Leitast er við að námsmatið sé uppbyggjandi og til leiðsagnar fyrir nemandann og gefi tækifæri til frekari framfara. Farnar eru fjölbreyttar leiðir í námsmatinu t.d. eru einstaklings- og hópverkefni metin, kannanir lagðar fyrir ýmist munnlegar eða skriflegar, sjálfsmat og jafningjamat. Á bak við öll verkefni sem nemandinn fæst við yfir veturinn liggja eitt eða fleiri af hæfniviðmiðum fyrir 8.-10.bekk í náttúrugreinum til grundvallar og þannig verður að lokum til heildareinkunn sem gefin er í bókstöfum. Allt námsmat er skráð inn á Mentor. Munnlegt og verklegt lokapróf.

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|------------------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Danska | Kennari: Maríanna Jónsdóttir |
|---|------------------------------|

| Markmið | |
|---|--|
| <p>Tilgangur með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandabjórðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnáttu í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik. Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi.</p> <p style="text-align: right;">Aðalnámskrá grunnskóla. 2013.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> ○ skilji og geti nýtt sér talað mál í aðstæðum sem hann þekkir ○ tileinki sér orðaforða til að geta lesið sér til gagns ýmsa texta ○ geti tjáð sig um málefni sem hann þekkir ○ geti skrifað samfelldan texta um málefni sem hann þekkir ○ þekki til menningar og mannlífs á Norðurlöndunum | |
| Viðfangsefni | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Tjáning og hlustun • Einföld málfræði og setningaskipan • Lesið sér til gangs og sótt sér upplýsingar af netinu á dönsku. | |
| Námsgögn | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Bío myndir • Blinkende lygter og jólamyndir • Sjónvarpsþættir af dr.dk og öðrum miðlum • Efni af netinu og frá kennara • Dönsk tónlist • Google Classroom | |
| Kennsluaðferðir | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Hlustun • Lestur • Ritun | |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

- Verkefnavinna
- Tjáning
- Samvinna, hópa- og paravinna og einstaklingsverkefni
- Spil og leikir
- Áhugasvið

Námsmat

Símat, stöðumat og leiðsagnarmat

Þekking, hæfni og leikni nemenda eru könnuð reglulega. Lögð verður áhersla á leiðsagnarmat og virkni í tímum/verkefnum.

Námsmat er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árnesþings. Nemendur fá tækifæri til að reyna við hvert viðmið oft en einu sinni, sum eru alltaf í vinnslu. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-hæfni náð-framúrskarandi. Nemendur fá samantekna einkunn fyrir sum verkefni á kvarðanum D-A.

Munnlegt lokapróf í lok annar.

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|--|---------------------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Enska | Kennari: María Hödd Lindudóttir |
|--|---------------------------------|

| Markmið | |
|---|---|
| <p>Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.</p> <p>Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á ólíkum lífskjörum og tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum.</p> | |
| Viðfangsefni | |
| <p>Viðfangsefni verða áhuga og samfélagstengd</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lestur á fjölbreyttum textum • Hlustun • Ritun | <ul style="list-style-type: none"> • Málfræði • Málnotkun • Tal og tjáning |
| Námsgögn | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Spotlight 10 lesbók og vinnubók • orðabækur bæði útprentaðar og rafrænar • Skáldsaga – valin af áhuga nemanda • Myndefni af netflix • Hljóðbók | |
| Kennsluaðferðir | |
| <ul style="list-style-type: none"> • Innlagnatímar • Hópverkefni/paraverkefni/einstaklingsverkefni • Hópverkefni þvert á námsgreinar sem og árganga • Umræðutímar • Þemaverkefni | |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur



Námsmat

Verkefni, Verkefnabækur sem og umræður verða metin með bókstöfunum A-D

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|---------------------------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Myndmennt | Kennari: Sigríður Oddný Stefánsdóttir |
|---|---------------------------------------|

Markmið

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og ölast reynslu sem ekki verður færð í orð. Að nemendur öðlist tækifæri á að læra og tjá sig án orða. Að efla frumkvæði þeirra og þroska gagnrýna og skapandi hugsun. Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt, sjá ný mynstur og hugsa í lausnum og þroska persónulega tjáningu og smekk.

- Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.
- Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.
- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.

Viðfangsefni

Myndmennt og heimilisfræði vinnur út frá sama efni en á ólíkan hátt. Í upphafi förum við saman í ferð. Staðurinn er ákveðinn með því markmiði að nemendur fái hugmyndir að breyttum búskaparháttum fyrir framtíðina og geri sér grein fyrir vistkerfi, þróun, umhverfisfræðslu, framleiðslu og fagurfræði vörunnar. Staðarval getur líka falið í sér forna búskaparhætti og eru alltaf í nágrenni við okkar sveit. Í myndmennt þurfa nemendur að mæta í ferðina með myndavél og mynda af krafti. Myndirnar verða síðan notaðar við fjölbreyttar útfærslur í myndmenntatímunum. Lögð er áhersla góðan vinnuanda í kennslustofu, góða umgengni og frágang.

Námsgögn

- Námsfni frá Menntamálastofnun
- Efni af interneti
- Ýmsar námsbækur í aðferðafræði
- Leirmótun
- Listasaga

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur



Kennsluaðferðir

- Einstaklingskennsla
- Sýnikennsla
- Bein kennsla

Námsmat

- Símat, framvinda skráð inn á Mentor
- Leiðsagnarmat

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|--------------------------|
| Kennsluáætlun Námshættisáætlun: Hönnun og smíði | Kennari: Ragnar Gestsson |
|---|--------------------------|

| | |
|--|--|
| Markmið | |
| <p>Að nemendur: Markmið nemenda í 7.-10. bekk er að fullslípa það sem áður var aflað. Hér er æskilegt að grunnur hafi verið lagður að handverkskunnáttu og nokkurri færni náð í aðferðum og starfsháttum á smíðastofu, að ógleymdri meðferð verkfæra og meðhöndlun efniviðar. Hér er ríkari áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hönnun, og hagnýta framkvæmd hugtaka eins og nýting og endurnýting, sjálfbærni, ... -Ætlast er til að nemendur beiti skissuvinnu frá 3 sjónarhornum, áætli efnismagn og verð hlutar.</p> <p>Enn gildir meðal almennra markmiða að halda föstum áður fengnum þáttum um flokkun sorps og öðrum reglna um ábyrga umgengni innan smíðastofu</p> | |
| Viðfangsefni | |
| <p>Verkefnið er hópverkefni með 3-4 í hóp. Hanna skal eldflaug sem getur farið sem hæst, knúin því afli sem fæst við blöndun ákv. efna. Eins og í fyrra er verkefnið í samvinnu við Maríönnu náttúrufræðikennara og byggir á leit upplýsinga og því hvernig þær hugmyndir eru settar í framkvæmd. Þegar fundin er leið til að koma farartækinu á loft, er það komið í samkeppni við aðra hópa um hæð skeytisins, útlit og frumleika (30:30:40). Verðlaun háð samkomulagi.</p> | |
| Námshættisáætlun | |
| <p>Hér er nemendum í sjálfsveld sett hvar fanga er leitað. Mælt með netsíðum eins og Instructables eða Pinterest og hinum „ótæmandi“ sjóði YouTube. Nemendur eru hvattir að leita ráða hjá ýmsum kennurum eða forráðaaðilum.</p> | |
| Kennsluáætlun | |
| <p>Sameiginleg innlögð í upphafi þegar það á við, persónulegur stuðningur eftir þörfum.</p> | |
| Námshættisáætlun | |
| <p>Leiðsagnarmat, óformlegt jafningjamat en frammistöðumat í lok Frammistöðumat í hverjum tíma á grundvelli verklegrar frammistöðu, hegðunar og umgengni/frágangs.</p> | |



Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|---------------------------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Textílmenn | Kennari: Snædís Mjöll Kristjánsdóttir |
|---|---------------------------------------|

| |
|------------------------|
| Markmið |
| Að nemendur: |
| Viðfangsefni |
| Námsgögn |
| Kennsluaðferðir |
| Námsmat |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|-----------------------------|
| Kennsluáætlun Námshættur: Skólaíþróttir | Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal |
|---|-----------------------------|

| | |
|---|--|
| Markmið | |
| Skólaíþróttir gegna mikilvægu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námshættu þeirra. Með kennslu íþróttagreina nást mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira, bætt líkams-ástand og aukið sjálfstraust. Með skólaíþróttum getum við því stuðlað að heilbrigðum lífstílog kennt nemendum að nota fjölbreytta æfingar til gagns og gamans. | |
| Viðfangsefni | |
| Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi. | Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun. |
| Námshættur | |
| Íþróttahöld sem eiga við hverju sinni. | |
| Kennsluáferðir | |
| Kennslan byggist upp á ýmsum leikjum. Boltaleikjum, stöðvahringjum, teygjum og slökun. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og er mikil áhersla lögð á nám í gegnum leik. Áhersla er einnig lögð á jákvæðan aga, virkni og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. | |
| Námshættur | |
| Námshættur er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni. | |

Bekkjarnámskrá- 10. bekkur

| | |
|---|-----------------------------|
| Kennsluáætlun Námsgrein: Sund | Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal |
|---|-----------------------------|

| | |
|--|--|
| Markmið | |
| Öðlist öryggi og vellíðan í vatni, þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hluti í kafi. Skriðsund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak. Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalda. Nemendur eflist í félagsfærni, sýni öðrum umburðarlyndi og hafi jákvæð samskipti í lauginni. | |
| Viðfangsefni | |
| Í sundtímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi sundferðum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi. | Áhersla er lögð á að nemendur fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun og geti notað sundið sem heilsurækt. Nemendur læra rétta sundtækni sem og að geta bjargað sér og öðrum. |
| Námsgögn | |
| Íþróttáhöld (flár, froskalappir, núðlur o.fl.) sem eiga við hverju sinni. | |
| Kennsluaðferðir | |
| Stefnt er að því að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir: Einstaklingssund, paravinna, hópavinna, sundbolti, frjálst, leikir, stöðvar, núðlusund og nýta tæknina til kennslu. | |
| Námsmat | |
| Námsmat er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni. | |